

10. bekkur danska Haust2020

Kennarar: Guðrið Helena Petersen

| 10

Lýsing

Ekko les- og vinnubók og annað ítarefni

Viðfangsefni

Unnið er í lotum og í hverri lotu er hugað að hlustun, lesskilningi, ritun, samskipti, frásögn, menningarläsi og námshæfni.

Lota 1 – Skole liv Ágúst/september

áhersla er lög á að fræðast um danska skólakerfið og orðaforða

Lota 2 - Lestrarbók September/október

Lesum í lestrarbók. bæði saman og einstaklings. Endum svo á því að vinna verkefni úr henni

Lota 3 - Sport og motion október/nóvember

áhersla er lögð á að fræðast um íþróttir og hreyfingu, við munum líka fræðast um danskt afreksíþróttafólk.

Námsmat

Mat:

- Kannað með könnunum og hvernig gengur að vinna í vinnubók verkefni sem fylgja textunum Skoða hvernig gengur í Quizlet
- Verkefni með mismunandi öppum.
- Orðaforðakönnun þar sem nota má islex eða snara til að leysa verkefni
- Verkefnum skilað á google classroom
- Verkefnum skilað munnlega til kennara
- Sjálfsmat

Spjaldtölvur

Classroom

Quizlet

Toontastic

Imovie

Ipadin er einnig notaður í upplýsinga leit

XXX S Danska - 10.bekkur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

XXX S Danska - 10.bekkur - Hlustun

- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim
- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.

XXX S Danska - 10.bekkur - Lesskilningur

- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra.
- Aflað sér upplýsinga úrtexta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

XXX S Danska - 10.bekkur - Ritun

- Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflið njóta sín.

XXX S Danska - 10.bekkur - Samskipti

- Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.

XXX S Danska - 10.bekkur - Frásögn

- Tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir.
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

XXX S Danska - 10.bekkur - Menningarläsi

- Gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska og færeyska.

XXX S Danska - 10.bekkur - Náms hæfni

- Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengistþau af gagnrýni.